



VISSIR ÞÚ?

Lífshættulegt fyrir börn að leika sér með hjálma í leiktækjum

Slys á Íslandi

Hér á landi eru skráð 9 tilfelli frá 1992 þar sem litlu munaði að barn með reiðhjólaihjálma hengdist í leiktæki. Öll sluppu þessi börn með tiltölulega litla ákverka á hálsi. Erlendis hafa hins vegar orðið á annan tug dauðaslysa við samskonar aðstæður.

Mest er hættan þegar börn eru að leika sér í klifurgrindum þar sem þau geta smeygt sér á milli rimla en átta sig ekki á því að höfuðið á þeim þarf stærra bil en venjulega þar sem þau eru með hjálma.

Græna spennan

Á árunum 1992-2000 var mikil umræða í heiminum um hversu hættulegt það væri að láta lítil börn nota reiðhjólaihjálma þegar að þau hjóla í næsta nágrenni við leiktæki. Svíar komu með tillögu að sérstakri spennu sem er græn á litinn og opnast við 9 kg álag. Spennan á venjulegum reiðhjólaihjálmi opnast við 50 kg álag.

Í Svíþjóð er mælt með því að börn yngri en 6 ára sem hjóla í nánd við leiktæki noti grænu spennuna. Ef barn festir sig í leiktæki, opnast græna spennan og barnið losnar sem kemur í veg fyrir henginu.

Græna spennan er hins vegar stórhættuleg ef barn á hjóli verður fyrir bíl. Spennan opnast við fyrsta höggið og hjálmurinn dettur af. Þegar ekið er á hjól kastast barnið oftast nær á húdd bílsins og við það myndi græna spennan opnast. Síðan fellur barnið af húddinu og á götuna en er þá orðið hjálmlaust.

Hvernig er hægt að fyrirbyggja þessi slys?

- Verið meðvituð um hættuna.
- Börn yngri en 6 ára ættu aldrei að vera ein úti að hjóla, jafnvel við heimili sitt.
- Fylgist sérstaklega með börnum sem hjóla í nánd við leiktæki.
- **Brýnið fyrir börnum að vera aldrei í leiktækjum með hjálma.**

Yngri börn eiga oft erfitt með að opna spennuna á hjálminum sjálf. Því geta foreldrar ekki ráðlagt þeim að taka af sér hjálminn þegar þau fara í leiktæki. Börn á þessum aldri eru líka fljót að gleyma ráðleggingum.

Ef foreldrar vilja nota grænu spennuna þá eru til hjálmar sem eru gerðir fyrir báðar spennur og hægt er að skipta um spennu eftir aðstæðum. Ef barnið er að hjóla á eða við umferðagötur verður það nota svörtu spennuna.

Minni hætta í nýjum leiktækjum

Hér á landi eru í gildi staðlar um öryggi leiktækja (ÍST EN 1176). Leiktæki sem eru framleidd samkvæmt þeim fylgja kröfum um bil á milli rimla sem gera ráð fyrir því að börn geti farið með hjálma í tækin.

Þrátt fyrir að staðlarnir hafa verið í gildi í nokkur ár er ástand leiktækja á Íslandi mjög misjafnt. Mörg leiktæki standast ekki staðlana sem eykur líkurnar á slysum til muna.

Sveitarfélög verða að setja öryggi barna í forgang. Börn eru sérstaklega viðkvæmur hópur sem lendir oftast í alvarlegum slysum vegna skorts á líkamlegum og andlegum þroska.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar gefur Herdís L. Storgaard, forstöðumaður Forvarnahússins, í síma 844 2029 eða herdis@forvarnahusid.is.